

# Fagrabrekka

## Læsishvetjandi umhverfi

Verkefnastjórar: Anna Maria Halwa og Erla Jóna Gísladóttir

Þátttakendur voru 36 börn á aldrinum 3-6 ára og 8 kennarar á Rauðabrekku



**Bakgrunnur og markmið:** Í leikskólanum Fögrubrekku erum við meðvituð um mikilvægi læsis í daglegu starfi og höfum ávalt unnið með það að leiðarljósi: Í samverustundum er lesið daglega, sungið og farið með þulu og eldri börnin fara reglulega á Bókasafn Kópavogs. Í tónlistinni er unnið með rím og takt, atkvæði klöppuð og lög æfð. Elstu börnin læra á blokkflautu og undirbúa leikrit sem sýnt er foreldrum við útskrift. Í því felst að velja sögu sem er lesin, að velja lög, skrifa handrit, undirbúa leikmuni og sviðsmynd. Á fagnaðarfundum er lesið og sagðar sögur, notaðar handbrúður og útbúin skuggaleikhús. Börnin koma fram, segja frá verkefnum sínum og syngja fyrir hin börnin, einnig er mikið dansað.

### Markmið okkar er að skapa læsishvetjandi umhverfi með því:

- að hafa bækur, bók- og tölustafi, ritföng og ýmis spil, sem hvetja til samræðu, sýnileg og aðgengileg börnum.
- að starfsfólk sé meðvitað um að læsi er hluti af öllu daglegu starfi, jafnt inni sem úti.
- að fá foreldra til liðs með okkur.
- að virkja starfsfólk enn frekar í lestri bóka.
- að nýta verkefnið til að auka meðvitund, forvitni og virkni starfsfólks og barna með auknum lestri, samræðum og textagerð.

### Lýsing á framvindu:

Fyrstu skref verkefnastjóra var að afla upplýsinga og ræða saman, halda reglulega fundi innan leikskólans og með öðrum verkefnastjórum þar sem upplýsingar, hugmyndir og fræðsla var miðlað. Farið var á ráðstefnu í Háskóla Íslands um læsi. Þar fjallaði Noella Mackenzie um hvernig undirstaða skriftar liggur snemma hjá ungum börnum t.d. í kroti. Sá fyrirlestur veitti okkur innblástur og í kjölfarið fórum við af stað. *Ritmál* var gert sýnilegra með því að merkja leikfangakassa og hillur. Hvernig draga á til stafs og stafrófið var gert sýnilegra með því að setja það á vegg í heimastofu. *Stafaspilið* var keypt sem notað er á margan hátt m.a. sem bingó og samstæðuspil. *Sögugrunnurinn* var gerður aðgengilegri og hefur verið notaður í hópunum. Í Sögugrunninum er unnið með myndir og orð á margvíslegan hátt.

Nýjasta viðbótin í leikskólanum er *Kubbaherbergið*. Þar byggja börnin úr einingakubbum og leika með annan efnivið. Ákveðið var setja með einingakubbunum blöð, blýanta, skæri og málningarlímband til að börnin gætu merkt sínar byggingar og æft sig með ritmál og skrift.



Í desember sl. átti leikskólinn 40 ára afmæli og fengum við föndurvagn að gjöf frá Kópavogsbæ. Við ákváðum að losa



okkur við stóran sófa sem var inni á Rauðubrekku til að koma vagninum fyrir. Föndurvagninn er nýttur fyrir liti, blýanta, skæri, lím, alls konar blöð og fleira og er í þægilegu aðgengi fyrir börnin og í miklu uppáhaldi hjá þeim. Eftir að föndurvagninn kom var ákveðið að stíga skrefinu lengra og setja borð og stóla í heimastofuna og útbúa

læsishorn. Keyptur var bókavagn fyrir styrkinn sem við fengum vegna þróunarverkefnisins. Tekið skal fram að börnin hafa ávalt haft aðgengi að bókum en áhugi þeirra jókst til muna við komu bókavagnsins og sækja börnin meira í bækur nú en áður.



Á degi leikskólans, 6. febrúar, var farið af stað með lestrarátak. Áætlað var að hafa átakið út aprílmánuð en vegna góðrar viðtöku frá foreldrum var það framlengt. Verkefnastjórar tóku til bækur og létu börn og foreldra vita að þau mættu fá lánaðar bækur í allt að eina viku. Til að gera átakið sýnilegt var útbúinn bókaormur. Þegar foreldrar skiluðu bókinni skrifuðu þeir titil bókarinnar og nafn barnsins á græn bókaspjöld og bættu við bókaorminn. Börnin tóku mjög vel í átakið og voru dugleg að minna foreldra sína á það. Bækur sem lesnar voru í samverustundum bættust líka við bókaorminn, þó við teljum að einhverjar hafi gleymst. Þann 1. maí voru 158 bækur skráðar á bókaorminn og börnin fengu í 90 skipti lánaðar bækur. Þegar 100 græn bókaspjöld voru komin á bókaorminn héldum við bókahátíð og í tilefni þess þá vorum við með bókabíó sem sló í gegn.



Dagur barnabókarinnar var 2. apríl þá héldum við daginn hátíðlegan í sal leikskólans með bókabíói og poppi fyrir öll börnin. Lesnar voru tvær sögur, *Mamma er best* sem hentaði yngri börnum og *Gula sendibréfið* ætluð þeim eldri. Einnig voru lesnar vísur úr bók Þórarins Eldjárns.

Annað sem var gert á meðan á verkefninu stóð var að á fagnaðarfundum voru lesnar sögur og brúðuleikhús sýnd. Verkefnastjórar prentuðu út stafi og plöstuðu þá til að börnin gætu notað þá í leik með leir. Stafasteinar sem við áttum fyrir voru gerðir aðgengilegri, en börnin nota þá m.a. í frjálsum leik og í hópastarfi. Þau búa til ýmis orð, nöfnin sín og/eða flokka þá.

Börnin nýttu sér tússtöflu til að æfa sig í að skrifa og teikna og einn barnahópurinn föntraði upphafstafina sína með lími og sandi.

**Aðferð við öflun gagna:** Helstu aðferðir okkar við gagnaöflun voru annars vegar skráningar með myndum og orðum og hins vegar umræður og fundir. Reglulega voru teknar myndir og verkefnastjórar skrifuðu niður punkta og ræddu saman um það sem hafði verið gert og um framhaldið. Allt sem gert var í leikskólanum er sýnilegt og til staðar.

**Hvernig mun verkefnið nýtast:** Við lögðum upp með að vera ekki að taka mikið nýtt inn í starfið, heldur að bæta það sem fyrir var. Þær breytingar sem voru gerðar ætlum við að þróa áfram t.a.m. læsishornið og kubbaherbergið. Bókaormurinn sem vakti svo mikla lukku verður til staðar á næsta skólaári, en þá verður haldið áfram með lestrarátakið. Jafnvel verður þróunin sú að átakið verður tekið upp á Gulubrekku, á yngri deildinni. Einnig eru verkefnastjórar komnir með hugmyndabanka sem nýta á í framtíðinni.

**Niðurstöður og mat:** Yfir heildina gekk verkefnið ágætlega þó við hefðum verið lengi í gang. Verkefnastjórar, kennarar og foreldrar hafa tekið eftir að börnin eru mun áhugasamari um ritmál og lestur bóka og telja að það megi rekja til þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á deildinni. Einnig hefur lestrarátakið haft jákvæð áhrif á foreldrasamstarfið á þann hátt að foreldrar gáfu sér meiri tíma í spjall þegar þeir komu með eða sóttu börnin og fengu bækur að láni. Foreldrar höfðu orð á hversu skemmtilegt þetta átak væri og voru ánægðir með breytingarnar á deildinni. Eitt af því sem hefði mátt gera betur og verkefnastjórum var bent á, var að kynna verkefnið betur fyrir öllu starfsfólkinu.

**Lokaorð:** Verkefnið var áhugavert og krefjandi en við teljum að áhugi starfsfólks um bernskulæsi sé orðinn meiri og að flest allir á deildinni séu meðvitaðir um mikilvægi þess í daglegu starfi. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia því ákváðum við að hafa hana að leiðarljósi í verkefninu, en þar segir að efnislegt umhverfi sé oft kallað þriðji kennarinn ásamt kennurum og barnahópnum og sé viðurkenndur áhrifaþáttur í leik barna. Börn eiga að öðlast reynslu í gegnum leik og skapandi verkefni og umhverfið á að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri. Áhugi er hjá okkur verkefnastjórnunum að vinna áfram með læsi og ritmál og tengja enn meira inn í faglega starfið. Framtíðarsýn okkar er sú að yfirfara verkefnið á yngri deildina eins og áður hefur komið fram. Það er og verður því gaman að fylgjast með og sjá hvernig breytingarnar á námsumhverfinu geta haft áhrif á nám og leik barna.

